

**98. fundur stjórnar VMÍ**  
**Haldinn í húsakynnum ÍBA Glerárgötu 26**  
**Mánudaginn 13.nóvember 2017 kl.16.15**  
**Fundargerð**



Mætt voru: Þórunn Sif Harðardóttir formaður, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Siguróli Magni Sigurðsson, Margrét Ólafsdóttir og Friðrik Einarsson.

**1. Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt.

**2. Ársreikningur** fyrir árið 2016 og skýrsla stjórnar voru undirrituð.

**3. Fyrirætlun útivistun Hlíðarfjalls og ný lyfta.** Kristinn Jakob Reimarsson sviðsstjóri Samfélagssviðs Akureyrarbæjar kom inn á fundinn. Kristinn gerði grein fyrir hugmyndum félagsins Hlíðarhryggur en fyrsti fundur þess félags var fyrirhugaður daginn eftir 14.nóvember. Tilgangur félagsins sagði hann meðal annars að gera úttekt á og kanna hvort séu rekstrarforsendur fyrir kláf og annars konar heils árs nýtingu Hlíðarfjalls. Hann sagði frá þeim aðilum sem standa að félaginu og skýrði aðkomu hvers þeirra að verkinu. Sagði verkefnið vera spennandi og menn bjartsýna á jákvæða útkomu. Rædd var möguleg aðkoma VMÍ og fundarmenn voru sammála um að ástæða væri til að ræða framhaldið.

Þá sagði Kristinn að nýja lyftan væri komin, svæðið undirbúið og stefnt að því að hún verði komin í gagnið næsta vetur.

Kristinn sagði frá því að samþykkt hafi verið að Skautahöll yrði opin lengur á árinu.

Málefni Winter games voru rædd.

Kristinn yfirgaf fundinn.

**4. Önnur mál**

Ragnheiður sagði frá fundi með fulltrúa menntamálaráðuneytis um málefni VMÍ og jafnframt að annar fundur væri fyrirhugaður í kjölfar kynningar dagsins.

Málefni og hlutverk VMÍ voru rædd í tengslum við fyrirhugaða úthýsingu Hlíðarfjalls.

Einnig fór fram umræða um nauðsyn á auknu samstarfi og aukinni upplýsingagjöf milli ÍBA og VMÍ.

Lagt var til að næsti fundur verði haldinn í síma fyrir 14.desember og fyrsti fundur ársins 2018 í Hlíðarfjalli kl. 13.00 16. janúar 2018.

Fundi var slitið kl. 17.15

MÓ fundarritari

*Skv. 1.gr. Vetrariþróttamiðstöð Íslands, VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur það meginhlutverk að efla vetrariþróttir, íþróttafræðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings, svo sem skólafólks, fatlaðra og keppni- og afreksfólks í íþróttum með hefðbundnar vetrariþróttir, íþróttafræðslu og útivist að leiðarljósi*